

Planitor lausnin

Planitor er íslenskt fyrirtæki sem býður hugbúnaðarlausn sem felst í að gefa íbúum sveitarfélaga kost á að gerast áskrifandur að fréttum sem varða ákveðið málsnúmer. Planitor kerfið vaktar og sendir upplýsingar til áskrifenda þegar þessi málsnúmer koma fyrir í fundargerðum sveitarfélagsins.

Í stuttu máli felst þessi lausn í því að íbúi eða hver sem er getur gerst áskrifandi að fréttum sem varða hann skv. málsnúmeri. Planitor kerfið vaktar og sendir upplýsingar til fólks/áskrifenda þegar þessi málsnúmer koma fyrir í fundargerðum. Þannig geta íbúar og hagsmunaaðilar fylgst betur með gangi

sinna mála. Í dag er erfitt fyrir hagsmunaaðila að fylgjast heildstætt með málum sem fjallað er um hjá sveitarfélaginu en þessi lausn tekur saman úr málakerfi öll tilvik sem tilheyra hverju máli og safna þannig sögunni saman á einn stað.

Uptaka Planitor lausnarinnar er stórt skref í aukinni íbúapátttöku/íbúalýðræði. Þessi leið er einnig líkleg til að styrkja góða stjórnsýslu með mikilvægu aðhaldi íbúa.

Á vef Planitor <https://www.planitor.io/s> er nú þegar hægt að fletta í málsnúmerum og fundargerðum Hafnarfjarðar og Reykjavíkur sem eru að nýta þessa lausn.

The screenshot shows the Planitor web interface. At the top, there is a search bar with the text "Leit - t.d. 'Reitir ehf.', 'Brautarholt' eða 'gistiheimili'". Below the search bar, there are navigation links for "Hafnarfjörður" and "2009106". The main content area displays "Höfðaskógur og Hvaleyrarvatn, deiliskipulag" and a "Vakta 2009106" button. Below this, it says "Síðast Samþykkt á fundi fyrir 5 dögum síðan." There is a table with two columns: "FUNDUR" and "BÓKUN". The table contains four rows of meeting records.

FUNDUR	BÓKUN
Skipulags- og byggingarráð Nr. 732 Fyrir 5 dögum síðan	9. apríl, 2021 Samþykkt
Skipulags- og byggingarráð Nr. 726 Fyrir 2 mánuðum síðan	26. janúar, 2021 Annað
Skipulags- og byggingarráð Nr. 723 Fyrir 4 mánuðum síðan	15. desember, 2020 Annað
Skipulags- og byggingarráð Nr. 713 Fyrir 7 mánuðum síðan	8. september, 2020 Annað

Upplýsingatæknideild hefur skoðað kostnaðinn sem fylgir því að taka upp Planitor lausnina. Það kostar um 1.500.000 kr. að koma henni upp þannig að miðlun fundargerða sé hafin gegnum miðlæga upplýsingagátt þeirra og tilkynningaþjónustan orðin virk, sem sendir sjálfvirkt tölvupósta til þeirra sem vilja fylgjast með tilteknum málum. Mánaðargjald eftir uppsetninguna er kr. 40.900,-

Það tekur u.þ.b. 4 vikur að vinna verkið.

Bæjarstjóri Árborgar

12. apríl 2021